

Landsnet hf
Gylfaglöt 9
112 Reykjavík

Vogum, 3. ágúst 2023
2104113 DV

Afgreiðsla Sveitarfélagsins Voga vegna framkvæmdaleyfis Suðurnesjalínu 2

Á 52. fundi skipulagsnefndar Sveitarfélagsins Voga, þann 29. júní 2023, var tekið fyrir erindið:

Tekið fyrir að nýju erindi Landsnets hf. dags. 11.12.2020, umsókn um framkvæmdaleyfi Suðurnesjalínu 2, ásamt fylgigögnum.

Afgreiðsla skipulagsnefndar: Skipulagsnefnd samþykkir fyrirbyggjandi drög að greinargerð „sveitarstjórnar“, dagsett í júní 2023, um umsókn framkvæmdaleyfi. Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að að fallist verði á umsókn Landnets um framkvæmdaleyfi fyrir Suðurnesjalínu 2 skv. leið C. með vísan til rökstuðnings og þeirra skilyrða sem fram koma í 5. kafla í tillögu að greinargerð sveitarstjórnar, m.a. um að hluti Suðurnesjalínu 1, þar sem hún liggur næst Reykjanesbraut og þéttbýlinu í Vogum, verði strax lagður sem jarðstrengur meðfram Reykjanesbraut.

Með samkomulagi milli Sveitarfélagsins Voga og Landsnets, um að Suðurnesjalína 1, loftlína, verði tekin niður og lögð sem jarðstrengur, telur nefndin að komið sé til móts við sjónarmið sveitarfélagsins um að til framtíðar litið liggi ekki tvær háspennulínur í lofti um sveitarfélagið með tilheyrandi sjónrænum áhrifum. Með því að leggja Suðurnesjalínu 1 í jörðu norðan við línustæði núverandi línu, einkum ef það verður gert norðan Reykjanesbrautar s.s. með meðfram Vatnsleysustrandarvegi, verði afhendingar öryggi kerfisins í heild aukið til muna m.t.t. jarðvár.

Ívar Pálsson lögmaður sat fundinn undir þessum lið.

Á 209. fundi bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Voga, þann 30. júní 2023, var tekið fyrir 2. mál af dagskrá 52. fundi skipulagsnefndar frá 29. júní 2023.

Bæjarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar. Samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum. Forseti leggur fram eftirfarandi bókun bæjarstjórnar: Bæjarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögu að greinargerð bæjarstjórnar, dagsetta í júní 2023, um umsókn um framkvæmdaleyfi Landsnets dags 11. desember 2020. Sveitarfélagið Vogar og Landsnet hafa um langt árabil verið ósammála um val á línuleið fyrir Suðurnesjalínu 2. Sveitarfélagið hefur leitast við á fá ákvörðun Landsnets um val á línuleið fyrir Suðurnesja línu 2 breytt. Það hefur ekki tekist. Ljóst er að samþykki sveitarfélagið ekki umsókn Landnets mun það enn leiða til

ágreinings um málið og tafa á nauðsynlegum úrbótum á raflínuneti Landsnets á Reykjanesi og mögulega hamla uppbyggingu og raforkuöryggi á svæðinu. Andstaða sveitarfélagsins hefur að mestu byggt á sjónrænum áhrifum af nýrri og stærri línu við hlið núverandi línu og sjónarmiðum um öryggi, einkum vegna jarðvár. Nú liggur fyrir samkomulag á milli aðila um að um að taka beri niður núverandi loftlínu, Suðurnesjalínu 1, í öllu sveitarfélaginu, og leggja hana þess í stað sem jarðstreng ekki seinna en innan 25 ára. Náist samningar við stórnotanda um uppbyggingu á Keilisnesi verður línan tekin niður fyrr. Samkomulagið gerir að auki ráð fyrir því að eftir að framkvæmdum við Suðurnesjalínu 2, 220 kV háspennulínu, ljúki verði hluti Suðurnesjalínu 1, strax tekinn niður og lagður sem jarðstrengur. Um er að ræða þann hluta Suðurnesjalínu 1 þar sem línan liggur næst Reykjanesbraut og þéttbýlinu í Vogum, á um 5 km kafla í austurátt frá Grindavíkurvegi að Vogaafleggjara, háð frekari greiningu og útfærslu við hönnun. Gert er ráð fyrir að línan verði færð að Reykjanesbraut. Með samkomulagi þessu telur bæjarstjórn að komið sé til móts við sjónarmið sveitarfélagsins um að til framtíðar litið liggi ekki tvær háspennulínur í lofti um sveitarfélagið með tilheyrandi sjónrænum áhrifum. Með því að leggja Suðurnesjalínu 1 í jörðu norðan við línustæði núverandi línu, einkum ef það verður gert norðan Reykjanesbrautar s.s. meðfram Vatnsleysustrandarvegi, verði afhendingaröryggi kerfisins í heild aukið til muna m.t.t. jarðvár eftir að þeim framkvæmdum verður lokið. Með vísan til framangreinds samþykkir bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga umsókn Landsnets um framkvæmdaleyfi fyrir Suðurnesjalínu 2, með þeim skilyrðum fyrir framkvæmdinni sem fram koma í umsókn Landsnets, matsskýrslu, áliti Skipulagsstofnunar og skipulagi auk skilyrðis um að eftir að framkvæmdum við Suðurnesjalínu 2 líkur verði hluti Suðurnesjalínu 1 strax tekinn niður og lagður sem jarðstrengur á þeim hluta þar sem línan liggur næst Reykjanesbraut og þéttbýlinu í Vogum, á um 5 km kafla í austurátt frá Grindavíkurvegi að Vogaafleggjara, háð frekari greiningu og útfærslu við hönnun. Skipulagsfulltrúa falið að gefa út framkvæmdaleyfið að uppfylltum skilyrðum.

Leyfið verður gefið út að uppfylltum skilyrðum skipulagslaga nr. 123 frá 2010 og reglugerðar um framvæmdaleyfi nr. 772/2012 s.s. um greiðslu framkvæmdaleyfisgjalds og kostnaðar vegna útgáfu leyfisins.

Framangreint tilkynnist hér með.

Frekari upplýsingar veitir skipulags- og byggingarfulltrúi.

Virðingarfyllt,



Davíð Viðarsson

Skipulags- og byggingarfulltrúi



Vogar
Skipulags- og
byggingarfulltrúi